

21.08.2019

SEÐLABANKINN TIL BJARGAR

Samtök iðnaðarins telja að full ástæða sé fyrir peningastefnunefnd Seðlabankans að stíga annað skref í lækkuun stýrivaxta við næstu vaxtaákvörðun sem kynnt verður 28. ágúst nk. Skýr merki eru um samdrátt í hagkerfinu. Verðbólga og verðbólguvæntingar hafa haldist við markmið um nokkurn tíma og gefur það Seðlabankanum svigrúm til að lækka vexti til þess að hjálpa fyrirtækjum og heimilum að takast á við niðursveifluna.


Seðlabankinn hefur lækkað vexti um 0,75 prósentur síðan í maí á þessu ári. Meginvextir Seðlabankans, þ.e. vextir á sjö daga bundnum innlánnum, eru nú 3,75% og er nægt svigrúm til að lækka þá frekar að mati Samtaka iðnaðarins. Telja samtökin að dýpt niðursveiflunnar sem nú er hafin í efnahagslífinu velti m.a. á því hversu hratt verði brugðist við í hagstjórn. Skiptir þar miklu máli hvort peningastefnunefnd Seðlabankans lækki stýrivexti bankans nægjanlega hratt og mikið.

SKÝR MERKI UM SAMDRÁTT

Eftir átta ára samfelldan hagvöxt eru nú skýr merki um samdrátt víða í hagkerfinu. Uppruni samdráttarins er í útflutningi en eftir mikla fjölgun allt síðastliðið hagvaxtartímabil hefur erlendum ferðamönnum fækkað nokkuð í ár. Nemur fækkunin ríflega 13% á fyrstu sjö mánuðum þessa árs. Samhliða hefur dregið úr tekjum af erlendum ferðamönnum en samdráttur hefur m.a. verið í tekjum af flugi, gistingu, veitingarekstri og bílaleigu.


Starfandi í ferðaþjónustu hefur fækkað á þessu ári og hefur það birst í auknu atvinnuleysi, sérstaklega á svæðum þar sem ferðaþjónustan er umfangsmikil og nauðsynleg undirstaða atvinnu t.d. á Suðurnesjum. Mældist atvinnuleysi 3,4% í júlí á landinu öllu samanborið við 2,2% í sama mánuði í fyrra en alls voru 6.831 einstaklingur á atvinnuleysisrá í júlí í ár sem er 2.662 fleiri en í júlí í fyrra. Dregið hefur úr innflutningi vinnuafis á þessu ári en fjölgun erlendra aðila á innlendum vinnumarkaði hefur verið stærsti hluti fólksfjölgunar í landinu á síðustu árum.

Atvinnuleysi skv. skráningu á vinnumiðlunum, %



Áhrif þessara breytinga í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins má nú sjá í fjárfestingum. Þau áhrif eru samt ekki nema að litlu marki komin fram þar sem undirbúnings- og framkvæmdatími er langur í flestum verkefnum á sviði byggingar- og mannvirkjagerðar. Samdráttur í sementssölu og innflutningi byggingarefnis ásamt fækkun skoðaðra krana á vinnustað og erlendra starfsmanna í byggingar- og mannvirkjajafnaði ber merki um breyttan gang í fjárfestingu í hagkerfinu.

Fjöldi skoðaðra krana jan.-júl.



Samhliða þessari þróun hefur hægt á vexti einkaneyslu. Aukið atvinnuleysi og hægari vöxtur í kaupmætti launa ásamt væntingum neytenda um viðsnúning í efnahagslífinu hefur ráðið þar mestu. Mælist tólf mánaða hækkun á kaupmætti launa ekki nema 0,9% í júní sl. en í sama mánuði í fyrra var aukningin 3,3% og í júní 2018 var hún 5,6%.

Leiðandi hagvísar Analytica lækkuðu í júlí sl., átjándi mánuðinn í röð. Hagvísirinn er góð vísbending um efnahagssumsvif litið til næstu sex mánaða. Lækkun hagvísisins sl. ár er hin mesta síðan árið 2008. Bendir þróun hans til þess að talsverðar líkur séu á stöðnun eða samdrætti inn á árið 2020.


VERÐBÓLGA OG VERÐBÓLGUVÆNTINGAR VIÐ 2,5% MARKMIÐ SÍ

Gengi krónunnar hefur lækkað nokkuð samhliða breytingum í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins. Kom lækkunin mest fram síðastliðið haust en krónan hefur haldist tiltölulega stöðug það sem af er ári. Upphaf lækkunarferilsins má rekja til fréttu um fjármögnunarvanda WOW air og vaxandi áhyggjur af niðurstöðum kjarasamninga. Lækkun krónunnar er aðlögun hagkerfisins að breyttum veruleika í utanríkisviðskiptum og þannig hluti af nauðsynlegri sveiflujöfnun. Raungengi krónunnar hefur lækkað samhliða þessu sem bæði hefur dregið úr innflutningi og stutt við útflutning en ágætt ytra jafnvægi hefur haldist á hagkerfinu þrátt fyrir fall WOW air.

Lækkun krónunnar kom fram í tímabundinni aukningu í verðbólgu á seinni helmingi árs 2018. Náði verðbólgan hámarki í desember síðastliðnum þegar hún mældist 3,7%. Hefur verðbólgan hjaðnað síðan en nú mælist hún 3,1%. Líklegt er að verðbólgan halda áfram að hjaðna á næstunni. Þrennt styður þá þróun. Í fyrsta lagi hjálpa kjarasamningar á almennum vinnumarkaði sem náðust á fyrri hluta árs til við að halda verðbólgu lágrí. Samningarnir sem eru til langs tíma, þ.e. fjögurra ára, eru með áherslu á hækkun lægstu launa. Í öðru lagi hefur verðbólga hjaðnað í helstu viðskiptalöndunum undanfarið. Mældist hún t.d. 1,1% á evrusvæðinu í júlí sl. samanborið við 2,2% í sama mánuði fyrir ári. Tengist sú þróun því að hægt hefur á hagvexti á svæðinu og raunar í heimshagkerfinu sem leggst á sveif með öðrum öflum um að draga úr hagvexti og verðbólgu hér á landi. Í þriðja lagi hefur þensla snúist yfir í slaka í íslensku hagkerfi sem dregið hefur úr verðbólguþrýstingi. Dregið hefur hratt úr hækkun húsnæðisverðs sem var einn meginþáttur

verðbólgunnar á tímabilinu 2016 til 2018. Mælist hækkun húsnæðisverðs yfir síðustu tólf mánuði 3,5% en hæst fór tólf mánaða hækkunartaktur verðs íbúða í 24,2% í síðustu uppsveiflu þ.e. í júlí 2017.

Verðbólga og verðbólguvæntingar, %



Verðbólguvæntingar jukust nokkuð á seinni hluta síðastliðins árs. Þær hafa hins vegar lækkað aftur á þessu ári. Svo dæmi sé tekið mældust verðbólguvæntingar stjórnenda til næstu tólf mánaða 4% um síðustu áramót en eru nú 3%. Langtímaverðbólguvæntingar hafa lækkað alla mælikvarða á fyrir hluta ársins og eru þær nú nánast við 2,5% verðbólguvæntingar Seðlabankans.

Líkt og peningastefnunefnd Seðlabankans hefur bent á í yfirlýsingum sínum undanfarið er svigrúm bankans til að mæta efnahagssamdrættinum töluvert, sérstaklega þegar verðbólga og verðbólguvæntingar haldast við verðbólguvæntingar bankans. Þróun verðbólgu og verðbólguvæntinga undanfarið er í þessu ljósi sérstakt fagnaðarefni en hún skapar Seðlabankanum tækifæri til að beita hagstjórnartækjum sínum til þess að milda niðursveifluna í efnahagslífinu og hjálpa þannig bæði fyrirtækjum og heimilum að takast á við efnahagssamdrættinn.

Stýrivextir Seðlabanka Íslands, %

